



## UMSÖGN

**Viðtakandi:** Velferðarráð

**Sendandi:** Aðgengis- og samráðsnefnd

---

***Umsögn aðgengis- og samráðsnefndar um reglur velferðarsviðs um sérmerkt bílastæði fyrir hreyfihamlað fólk á landi í eigu Reykjavíkurborgar***

Aðgengis- og samráðsnefnd í málefnum fatlaðs fólks fagnar því að reglur um sérmerkt bílastæði fyrir hreyfihamlað fólk skuli vera uppfærðar og telur að breytingarnar séu til hins góða, enda verði reglurnar skýrari og umsóknarferlið einfaldara.

Aðgengis- og samráðsnefnd telur mikilvægt að umsækjendur séu upplýstir á auðlesnu máli um ástæður synjunar og fái leiðsögn um hvernig megi sækja um á ný.

Aðgengisfulltrúi Reykjavíkurborgar ætti að vera álitsgjafi auk Bílstæðasjóðs og umhverfis- og skipulagssviðs eins og kemur fram í 5.gr. reglanna.